

SAMFÉLAGSSKÝRSLA EIKAR FASTEIGNAFÉLAGS 2018

Eik fasteignafélag hf. („félagið“ eða „Eik“) starfar á íslenskum fasteignamarkaði með atvinnuhúsnæði í helstu viðskiptakjörnum höfuðborgarsvæðisins og á völdum svæðum á landsbyggðinni. Félagið á, rekur og leigir út fasteignir sem leigðar eru traustum leigutökum og eru eignirnar vel samkeppnishæfar á leigumarkaði með tilliti til ástands og staðsetningar.

Um leið og félagið leggur áherslu á að skapa verðmæti og skila arði leggur það mikla áherslu á að vera efnahagslega ábyrgt, starfa innan lagaramma, vera siðferðislega ábyrgt og vera eftirsóttur og öruggur vinnustaður.

Eik telur félagið geta lagt sitt af mörkum með því að stuðla að aukinni velferð starfsfólks, viðskiptavina, hagsmunaaðila og samfélagsins í heild auk þess að leggja áherslu á umhverfismál í gegnum daglegan rekstur. Grunnildi félagsins eru áreiðanleiki, fagmennska, frumkvæði og léttleiki.

Fyrirhugað er að skilgreina ferla og mælikvarða til að uppfylla kröfur vegna ófjárhagslegra lykilmælikvarða. Þá hefur Eik ekki sett upp áreiðanleikakönnunarferli fyrir félagið á slíkum mælikvörðum fyrir árið 2018.

Upplýsingar í samfélagsskýrslunni taka til samstæðu Eikar fasteignafélags hf. að undanskildu Hótel 1919 ehf. nema annað sé sérstaklega tekið fram. Í samfélagsskýrslunni er leitast við að tilgreina tengsl hvers liðar við Global Reporting Initiative (GRI), UN Global Compact (UNGC) og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (SDG).

UMHVERFI

Upplýsingar sem gefnar eru varðandi umhverfisþætti eru teknar úr umhverfisstjórnunarkerfi Eikar, Klappir Core. Umhverfisþættir voru af hálfu félagsins fyrst vaktadír reglulega á árinu 2018 og af þeim sökum liggur ekki fyrir tölulegur samanburður við fyrri ár.

E1 | BEIN OG ÓBEIN LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA (GRI 305-1,2,3,4 | UNGC | SDG 7, 11, 13, 14, 15)

Félagið mat losun gróðurhúsalofttegunda í fyrsta skipti árið 2018. Losuninni er skipt í þrjá flokka eftir því hvaðan hún stafar. Umfang 1 tekur á beinni losun vegna reksturs húsnæðis og bifreiða í eigu félagsins. Umfang 2 tekur á losun vegna framleiðslu á orku sem félagið notar og umfang 3 tekur á allri annarri óbeinni losun vegna vöru og þjónustu til og frá félaginu.

Umfang 1	14,9
Umfang 2	38,2
Umfang 3	487,4
Samtals losun	540,5

Tafla 1. Losun gróðurhúsalofttegunda í tonnum CO₂ ígilda

E2 | KOLEFNISKRÆFNI Í tCO₂Í (GRI 305-4 | UNGC | SDG 7, 9, 11,13, 14, 15)

Hér er birtur losunarstuðull fyrir losun gróðurhúsalofttegunda sem hlutfall af heildartekjum Eikar fasteignafélags.

Kolefniskræfni orku (tCO ₂ í/MWst)	0,01
Kolefniskræfni veltu (tCO ₂ í/mISK)	66,66

Tafla 2. Losun gróðurhúsalofttegunda m.v. heildartekjur og orkunotkun félagsins

E3 | BEIN OG ÓBEIN ORKUNOTKUN (GRI 302-1,4 | UNGC | SDG 7, 11, 12, 13, 15)

Raforka (kWst)	7.421.048
Jarðefnaeldsneyti (kWst)	58.926
Heitt vatn (kWst)	33.967.294
Heildarorkunotkun (kWst)	41.447.268

Tafla 3. Orkunotkun m.t.t. uppruna í kWst

E4 | ORKUKRÆFNI Í tCO₂Í (GRI 302-3 | UNGC | SDG 7, 11, 13, 15)

Orkukræfni veltu (kWst/mISK)	5.112
------------------------------	-------

Tafla 4. Orkunotkun m.t.t. heildartekna í tCO₂Í

E5 | HELSTU ORKUGJAFAR (GRI 302-3 | UNGC | SDG 7, 11, 13, 15)

Öll raforka sem notuð er í rekstri félagsins er frá endurnýjanlegum orkugjöfum og upprunavottuð af seljanda sem slík. Bifreiðar félagsins eru allar knúnar óendurnýjanlegu eldsneyti.

E6 | HLUTFALL ENDURNÝJANLEGRAR ORKU (GRI 302-3 | UNGC P7, P8, P9 | SDG 7, 11, 13, 15)

Raforka (kWst)	3.075.553
Jarðefnaeldsneyti (kWst)	58.926
Heitt vatn (kWst)	3.134.479
Hlutfall endurnýjanlegar orku	98,12%

Tafla 5. Hlutfall endurnýjanlegrar orku í kWst af heildarorkunotkun

E7 | VATNSNOTKUN (GRI 303-1, 5 | UNGC | SDG 6, 11, 12, 14)

Vatnsnotkun (m ³)	766.134
Heitt vatn (m ³)	585.643
Kalt vatn (m ³)	180.491

Tafla 6. Notkun á heitu og köldu vatni í m³

E8 | ÚRGANGSSTJÓRNUN (GRI 303-1, 5 | UNGC P7, P8, P9 | SDG 11, 12, 13, 14)

Heildarmagn úrgangs (kg)	469.437
Flokkað (kg)	133.838
Óflokkað (kg)	335.599

Tafla 7. Magn og skipting úrgangs í kg

Endurvinnsluhlutfallið er 28,5%.

E9 | UMHVERFISSTEFNA (GRI 103-2 | UNGC | SDG 2, 6, 7, 12, 13, 14, 15)

Í stefnu Eikar um samfélagslega ábyrgð kemur fram að félaginu er umhugað um umhverfið og að það leggur áherslu á að starfsemi félagsins hafi sem minnsta mengun og sóun í för með sér. Þegar félagið fer í framkvæmdir er þess gætt að förgun úrgangs sé á umhverfisvænan máta og þess er gætt í hvívetna að uppfylla lagalegar kröfur á sviði umhverfismála. Eik flokkar sorp og stuðlar að flokkun þess í eignum sínum, þar sem því verður við komið. Þá hefur Eik staðið að uppsetningu hleðslustöðva fyrir rafbíla í nokkrum af byggingum félagsins og hyggst á næstu árum fjölga þeim. Stefna félagsins um samfélagslega ábyrgð er aðgengileg á heimasíðu þess, en félagið hefur ekki sett sér ítarlega umhverfisstefnu.

E10 | UMHVERFISÁHRIF Í REKSTRI FÉLAGSINS (GRI 307/103-1 | UNGC | SDG 2, 6, 7, 12, 13, 14, 15)

Lög um umhverfisábyrgð gilda ekki um Eik þar sem það er fasteignafélag. Félagið leggur þó kapp á að lágmarka umhverfisáhrif vegna daglegs reksturs. Engin atvik sem varða við lög og reglugerðir um umhverfismál áttu sér stað hjá félaginu á árinu 2018.

SAMFÉLAG

Eitt af helstu markmiðum Eikar er að vera spennandi og áhugaverður vinnustaður enda mikilvægt hverju fyrirtæki að hafa gott starfsfólk sem hefur vilja og ánægju af að vinna að markmiðum fyrirtækisins. Í þessu augnamiði veitir félagið starfsfólki sínu íþróttastyrki auk þess sem skipulagðir eru ýmsir viðburðir sem stuðlað geta að bættri líkamlegri og andlegri líðan starfsfólks.

Eik styður við góðgerðarmál og er eitt viðfangsefni valið ár hvert sem hlýtur styrk. Þá styður félagið við íslenska menningu, bæði leiklist og tónlist og önnur góð málefni með láni á húsnæði.

Upplýsingar í þessum kafla skýrslunnar taka ekki til starfsfólks dótturfélagsins Hótel 1919 ehf. þar sem rekstrarlegar ákvarðanir er lúta að starfsmannahaldi þess dótturfélags eru ekki á forræði Eikar.

S1 | LAUN FORSTJÓRA (GRI 102-38/405-2 | UNGC | SDG 8)

Stjórn félagsins ákveður laun forstjóra í samræmi við gildandi starfskjarastefnu. Innan félagsins starfar starfskjaranefnd sem annast það hlutverk stjórnar að undirbúa tillögur að starfskjarastefnu félagsins og starfskjörum stjórnarmanna. Hlutfall launa forstjóra á móti miðgildi launa starfsfólks var 4,6:1 í lok árs 2018.

S2 | LAUNAMUNUR KYNJA (GRI 405-1 | UNGC | SDG 5, 8, 10)

Félagið leggur ríka áherslu á að starfsfólki af báðum kynjum séu greidd sömu laun fyrir sambærileg störf. Í árslok 2018 var hlutfall miðgildis launa karla á móti miðgildi launa kvenna 0,963:1. Starfskjarastefnu Eikar er ætlað að taka mið af langtíma markmiði um virðisaukningu fyrir hluthafa, góðum stjórnarháttum og hag viðskiptavina. Þannig er henni ætlað að styðja við áætlanir um uppbyggingu félagsins og stuðla að því að hjá félaginu starfi hæfir og öflugir einstaklingar. Kjör og aðbúnaður skulu því taka mið af markaðsaðstæðum hverju sinni og launajafnræði auk þess að veita hvatningu fyrir góða frammistöðu og styðja við endurmenntun. Starfskjarastefna félagsins er aðgengileg á heimasíðu þess.

S3 | VELTA STARFSFÓLKS (GRI 401-1 | UNGC | SDG 3, 5, 8, 10)

Fjöldi starfsfólks í lok árs 2018 var 26. Á árinu sögðu þrjú einstaklingar upp störfum, einum var sagt upp störfum og enginn hætti vegna aldurs en velta starfsfólks var samkvæmt þessu 12%. Eik stuðlar að hvetjandi vinnuumhverfi þar sem starfsfólk fær svigrúm til að nýta hæfileika sína og færni.

S4 | JAFNRÉTTI (GRI 405-1 | UNGC | SDG 5, 8, 10)

Árið 2018 voru 42% starfsfólks konur en 58% karlar. Hluta úr árinu 2018 áttu sæti í framkvæmdastjórn tvær konur en í árslok 2018 var framkvæmdastjórn félagsins skipuð fimm karlmönnum og engri konu.

S5 | SAMSETNING STARFA (GRI 102-8 | UNGC | SDG 8)

Árið 2018 var lausráðið í tvö stöðugildi.

S6 | AÐGERÐIR GEGN MISMUNUN (GRI 406 | UNGC P6 | SDG 5, 10)

Það er félaginu kappsmaal að borin sé virðing fyrir öllum manneskjum og að hver og einn sé metinn að verðleikum óháð kyni, kynferði, trú, skoðunum, þjóðernisuppruna, kynþætti, litarhætti, efnahag, ætterni og stöðu að öðru leyti. Þessi stefna er mörkuð í siðareglum félagsins sem eru aðgengilegar á heimasíðu þess.

Eik fylgir lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, sem og öðrum reglum og lögum um að konum og körlum sé ekki mismunað og að einstaklingar skuli fá greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. Eik hefur ekki sett sér jafnréttisstefnu eða aflað jafnlaunavottunar þar sem forsendur gagnsemi slíks hafa ekki þótt vera fyrir hendi.

S7 | HEILSA OG ÖRYGGI STARFSFÓLKS (GRI 403-2, 9, 10 | UNGC | SDG 3)

Á árinu 2018 voru engin fjarveruslys á vinnustað eða á leið til og frá vinnu skráð.

S8 | HEILSUVERND OG ÖRYGGISSTEFNA (GRI 403/103-2 | UNGC | SDG 3)

Eik viðurkennir mikilvægi heilsueflingar og styrkir starfsfólk sitt í heilsurækt mánaðarlega, starfsfólki og samfélaginu til ávinnings. Þá leggur Eik áherslu á öryggismál starfsfólks.

Fjarvera starfsmanna vegna skammtímaveikinda sem hlutfall af heildarvinnustundum er 0,87%.

Félagið hefur ekki sett sér heildstæða stefnu um heilsuvernd og öryggi á vinnustaðnum en til stendur að ráðast í nauðsynlega vinnu þar að lútandi árið 2019.

S9 | BARN- OG NAUÐUNGARVINNA (GRI 408/409 | UNGC P4, P5 | SDG 1, 4, 5)

Eik fylgir settum lögum og reglum í allri sinni starfsemi en af því leiðir að félagið virðir réttindi starfsfólks í samræmi við íslensk lög sem taka mið af alþjóðlegum skuldbindingum. Engin börn starfa hjá félaginu og félaginu er ekki kunnugt um að kvartað hafi verið yfir brotum af þessu tagi hjá verktökum, viðskiptavinum eða birgjum þess. Félagið hefur sett sér stefnu um samfélagslega ábyrgð sem er aðgengileg á heimasíðu þess.

S10 | MANNRÉTTINDASTEFNA (GRI 102-16/103-2/412 | UNGC P1, P2 | SDG 1-17)

Eik styður við og virðir mannréttindi, þ.á m. félagafrelsi starfsfólks, í allri sinni starfsemi líkt og kemur fram í siðareglum félagsins, sbr. nánari umfjöllun undir lið G6. Félagið hefur ekki sett sér ítarlegri mannréttindastefnu með viðbragðsáætlun eða verklagsreglum. Þá hefur félagið ekki innleitt stefnu gegn einelti.

S11 | BROT Á MANNRÉTTINDUM (GRI 102-17/103-2/412-1 | UNGC P1, P2 | SDG 1, 2, 3, 5, 10)

Ekki hafa komið upp mál hjá félaginu sem skilgreina má sem mannréttindabrot.

S12 | SAMSETNING STJÓRNAR (GRI 102-22 | UNGC P6 | SDG 5, 10)

Stjórn Eikar er skipuð fimm einstaklingum. Þar af eru þrjár konur og tveir karlar. Félagið fylgir reglum um jafnt hlutfall kvenna og karla í stjórn.

Stjórnir dótturfélaga eru einungis skipaðar körlum en stjórn allrar samstæðunnar er í raun í höndum stjórnar Eikar. Í samræmi við meginregluna um að stjórnun dótturfélags sé í höndum móðurfélags mæla starfsreglur stjórnar Eikar fyrir um að ákvarðanir stjórna dótturfélaganna krefjist almennt samþykkis stjórnar Eikar. Ekki er greitt sérstaklega fyrir stjórnarsetu starfsmanna í dótturfélögum.

STJÓRNARHÆTTIR

Eik leggur mikið upp úr því að framfylgja góðum stjórnarháttum og fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í maí 2015. Þá hefur Eik frá árinu 2016 verið með vottun sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti. Einnig hefur félagið árum saman notið viðurkenningar Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki. Nánar er fjallað um stjórnarhætti félagsins í stjórnarháttayfirlýsingu sem fylgir ársskýrslu Eikar og er aðgengileg á heimasíðu félagsins.

G1 | AÐGREINING VALDS (GRI 102-23 | UNGC | SDG 8, 10, 16)

Æðsta vald í málefnum Eikar er í höndum hluthafafundar sem skipar félaginu stjórn, í samræmi við lög og samþykktir félagsins. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins og stýrir því ásamt framkvæmdastjórn í samræmi við starfsreglur stjórnar. Forstjóri veitir stjórn upplýsingar um rekstur félagsins sem og öll mikilvæg atriði er haft geta áhrif á rekstur félagsins og efnahag.

Í stjórn Eikar eiga sæti fimm stjórnarmenn í samræmi við samþykktir félagsins. Allir stjórnarmenn eru óháðir félaginu í skilningi framangreindra leiðbeininga um stjórnarhætti og fjórir stjórnarmenn eru jafnframt óháðir hluthöfum félagsins. Einn stjórnarmaður á hlutabréf í félaginu gegnum eignarhaldsfélag, en aðrir stjórnarmenn eiga ekki hlutabréf í félaginu, hvorki beint né í gegnum tengda aðila.

Engir starfsmenn félagsins sitja í stjórn Eikar. Stjórnir dótturfélaga Eikar eru skipaðar starfsmönnum en þær skulu ekki taka neinar ákvarðanir, umfram samþykkt ársreikninga og boðun hluthafafundar, án þess að það hafi fyrst verið borið undir stjórn félagsins Eikar. Undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd, eru skipaðar stjórnarmönnum og í endurskoðunarnefnd sitja jafnframt tveir utanaðkomandi sérfræðingar. Tilnefningarnefnd hefur ekki verið skipuð en á hluthafafundi 12. desember 2018 var stofnun nefndarinnar samþykkt.

Nánari umfjöllun um stjórnarmenn má finna í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins og á heimasíðu þess.

G2 | GAGNSÆI ÁKVARÐANA (UNGC | SDG 8, 10, 16)

Félagið fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eins og fram kemur í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins. Stjórn félagsins hefur sett sér starfsreglur sem eru aðgengilegar á heimasíðu þess. Stjórnarformaður stýrir stjórnarfundum, fundargerðir eru ritaðar um það sem gerist á stjórnarfundum og í þær bókaðar allar ákvarðanir sem eru teknar þar. Í starfsreglum stjórnar er fjallað um boðun funda, ályktunarhæfni, atkvæðisrétt og ákvörðunarvald, hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði á fundum stjórnar. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu, sjá einnig umfjöllun í samþykktum félagsins sem aðgengilegar eru á heimasíðu þess. Hver stjórnarmaður getur látið bóka afstöðu sína í fundargerð. Upplýsingar um atkvæðagreiðslur stjórnarmanna eru ekki birtar opinberlega. Ef atkvæðagreiðslur eru um einstök mál eru niðurstöður skráðar í fundargerð stjórnar. Fundargerðir eru aðgengilegar eftirlitsaðilum, óski þeir eftir upplýsingum um afgreiðslu einstakra mála.

G3 | FJÁRHAGSLEGIR HVATAR TIL SAMFÉLAGSÁBYRGÐAR (GRI 102-35 | UNGC | SDG 9, 16)

Stjórn Eikar hefur sett stefnu um samfélagslega ábyrgð félagsins sem finna má á heimasíðu þess. Að mati félagsins felst samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja í því að fyrirtæki leggi sitt af mörkum til þess að stuðla að framförum í

samfélaginu með því að gera meira en lög og reglugerðir krefjast. Áhersla er því lögð á umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti (ESG) innan félagsins þótt það hafi enn ekki innleitt formlegt hvatakerfi í því sambandi.

Starfskjarastefna félagsins heimilar að umbuna starfsfólki til viðbótar föstum umsömdum launum vegna sérstakra aðstæðna eða árangurs. Sú umbun skal taka mið af frammistöðu, ábyrgð og mikilvægum áföngum í rekstri og starfsemi félagsins. Árangurstengdar launagreiðslur skulu nema að hámarki 10% af heildarlaunum starfsmannsins sem umbunað er, á ársgrundvelli.

Stjórn skal árlega fjalla um stefnu félagsins um samfélagslega ábyrgð og hafa eftirlit með því að henni sé fylgt og hún framkvæmd með virkum hætti. Kynna skal stefnuna fyrir starfsfólki sem fylgja ber henni í daglegum störfum. Fylgi félagið ekki markmiðum sínum um samfélagslega ábyrgð getur það valdið orðsporsáhættu fyrir Eik, skaðað ímynd félagsins og getu þess til að afla viðskiptavina, fjármagna sig og að laða til sín gott starfsfólk.

G4 | VINNURÉTTUR (GRI 102-41 | UNGC P3| SDG 3, 8, 16)

Eik styður við félagafrelsi starfsfólks og viðurkennir rétt til kjarasamninga. Hlutfall starfsfólks sem tilheyrir stéttarfélagi er 73,1% en 26,9% starfsfólks eru ekki í stéttarfélagi, miðað við lok árs 2018.

G5 | BIRGJAMAT (GRI 102-14/308/414 | UNGC P8| SDG 1, 2, 5, 6, 7, 8, 10, 12)

Félagið gerir ríkar kröfur um að samstarfsaðilar þess virði mannréttindi, rétt til félagafrelsis, réttindi á vinnumarkaði og bjóði upp á góðan og öruggan aðbúnað á vinnustað. Félagið leitast við að tryggja að samstarfsaðilar fylgi eftir kröfum félagsins með ákvæðum þar um í samningum í takt við stefnu félagsins um samfélagslega ábyrgð.

G6 | SIÐAREGLUR (GRI 102-16 | UNGC | SDG 16)

Eik hefur sett sér siðareglur sem eiga við um starfsfólk félagsins og stjórn þess. Sú skylda hvílir á þeim að lesa siðareglurnar og fylgja þeim. Reglurnar fjalla meðal annars um:

- ábyrgð og virðingu gagnvart samfélaginu
- samskipti við viðskiptavini
- virðingu og umburðarlyndi á vinnustaðnum
- hagsmunaárekstra
- jafnræði og virðingu fyrir öllum manneskjum

Samkvæmt siðareglunum skal starfsfólk Eikar ástunda fagmennsku og heiðarleika. Það skal bundið þagnarskyldu um allt sem það fær vitneskju um í starfi sem varðar viðskipti eða viðskiptavini, nema skylt sé samkvæmt lögum að veita upplýsingar. Þá ber starfsfólki að efla og varðveita orðspor félagsins. Siðareglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

G7 | AÐGERÐIR GEGN SPILLINGU OG MÚTUM (GRI 102-17/205-1,2 | UNGC P10| SDG 16)

Eik fylgir, í samræmi við stefnu félagsins um samfélagslega ábyrgð, settum lögum og reglum í allri sinni starfsemi og líður ekki spillingu, þar með talið kúgun, mútur og ólöglega starfsemi. Eik starfar með heiðarleika og traust að leiðarljósi.

Stjórnendum og öðru starfsfólki félagsins ber að forðast að fjárhagslegir hagsmunir þeirra og hagsmunir félagsins stangist á. Starfsfólk er hvatt til þess að tilkynna stjórnendum eða stjórn um siðferðisleg vafamál og misbrestir verði það vart við slíkt. Starfólk skal ekki á neinn hátt gjalda fyrir að beina slíkum tilkynningum til stjórnar eða stjórnenda.

Innri endurskoðun er í höndum Grant Thornton sem tekur árlega út víska þætti í innra eftirliti félagsins. Regluvörður heyrir undir stjórn félagsins og hefur umsjón með því að reglum Fjármálaeftirlitsins um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, nr. 1050/2012, sem settar eru á grundvelli 132. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, sé framfylgt hjá félaginu.

G8 | GAGNSÆI SKATTA (GRI 201-1 | UNGC | SDG 8, 16)

Upplýsingar um skattgreiðslur og önnur opinber gjöld sem félagið greiðir eru birtar í ársreikningi. Ársreikningur félagsins er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) og lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Innan félagsins starfar endurskoðunarnefnd sem leitast skal við að tryggja áreiðanleika ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga ásamt óhæði endurskoðenda félagsins.

G9 | SAMFÉLAGSSKÝRSLA (UNGC | SDG 4, 12, 17)

Samfélagsskýrsla þessi fylgir ársskýrslu og er sú fyrsta sem félagið hefur unnið. Tilgangurinn er meðal annars að uppfylla kröfur laga um ársreikninga eins og þeim var breytt með lögum nr. 73/2016. Vonir standa til að auka enn frekar umfjöllun af þessum toga þegar fram í sækir.

G10 | AÐFERÐAFRÆÐI (UNGC | SDG 17)

Þær upplýsingar sem krafist er að birtar séu skv. grein 66. d. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006 eru nú birtar með þeim hætti sem greinir í leiðbeiningum Nasdaq Nordic (kauphallir Nasdaq á Norðurlöndum og Eyrstrasaltsríkjunum). Leiðbeiningarnar taka til skráðra félaga og er að finna í ESG Reporting Guide sem gefinn var út árið 2017. Sjá nánar á heimasíðu Nasdaq.

Markmið leiðbeininganna er að beina athygli félaga að samfélagsábyrgð og styðja þau í því verkefni að takast á við mikilvæg samfélagsleg málefni. Leiðbeiningarnar eru valfrjálsar og óskuldbindandi, en taka til birtingu upplýsinga um umhverfi (e. environment), samfélag (e. society) og stjórnarhætti (e. governance). Bókstafirnir E, S og G ásamt tölustöfum í skýrslu þessari vísa til þeirra.

G11 | AÐSTOÐ SJÁLFSTÆÐRA SÉRFRÆÐINGA (GRI 102-56 | UNGC | SDG 17)

Samantekt um ófjárhagslegar upplýsingar tengdar umhverfinu fyrir árið 2018 var unnin í samstarfi við Klappir Grænar lausnir hf. Upplýsingar um félagslega þætti og stjórnarhætti eru fengnar úr upplýsingakerfum Eikar.